

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Edda María Hagalín, fjármálastjóri
Dags. 13. október 2023
Mnr. 2023010091



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Verðbólga og aukin umsvif

Verðbólga var áætluð í fjárhagsáætlun 2023 6% fyrir árið. Í lok september er verðbólga frá áramótum hins vegar orðin 6,6% og stefnir í að vera um 7,9% í árslok. Í viðauka þessum hafa skuldabréf verið uppfærð.

A hluti

Aðalsjóður, þar er 1 lán við Lánasjóðinn v. Brú og stendur í um 540 m.kr. Einnig er innri langtímakrafa á Eignasjóð um 600 m.kr. Fjármagnstekjur aukast um 309 þ.kr.

Eignasjóður er með 17 lán frá Lánasjóð Sveitarfélaga, eitt frá Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs, 7 ofanflóðasjóðs lán og innra lán við Aðalsjóð. Einnig þrjú samninga um leiguskuldir. Fjármagnskostnaður Eignasjóðs hækkar um 71,9 m.kr.

Til að mæta auknum fjármagnskostnaði A hluta eru eftirfarandi tilfærslur lagðar til. Ný áætlun liggur fyrir vegna staðgreiðslu sveitarfélaga frá sambandi íslenskra sveitarfélaga og er þar gert ráð fyrir 60 m.kr. hærri tekjur en áætlað var og er því lagt til hækkun sem því nemur en jafnframt lagt til áætluð lækkun um 22 m.kr. til varúðar, aukning tekna er því 38 m.kr. nettó.

Svnr.	Sveitarfélag	Íbúafjöldi 1. jan.'23	1 Staðgreiðsla tekjuárið 2022	2 Áætluð staðgreiðsla tekjuárið 2023
4200	Ísafjarðarbær	3.840	2.525.302.495	2.757.386.331

Aukin umsvif hafa verið í málaflokki 10 umferðar- og öryggismál. Gatnagerðargjöld aukast um 22,8 m.kr. vegna gatnagerðagjalda á áður gjaldfærðum götum. Snjómokstur var minni frá janúar til maí en áætlað var og því lagt til að lækka áætlun um 20 m.kr. Að auki er viðhald gatna 44 m.kr. umfram áætlun þar sem framkvæmdir sem áætlaðar voru á framkvæmdaáætlun voru metnar sem einungis viðhald og er því eignfært malbik 44 lægra en áætlað var. Ekki er lagt til að hreyfa við framkvæmdaáætlun að svo stöddu vegna þess. Vegna yfirferðar á leiguskuldbindingum kom í ljós að leigan var áætluð á ranga lykila í Hvestu og Málefnum fatlaðra, en þeir samningar komu nýjir inn í ársreikningagerð 2022 og því aðrar forsendur til staðar í dag. Vantaði mótbókun innri leigu á Eignasjóð að fjárhæð 15,8 m.kr. Áhrif þessa er lægri kostnaður 02 velferðarsvið um 15,8 m.kr.

Áhrif ofangreinds á A hluta er 19,2 m.kr í aukinn kostnað. Rekstrarniðurstaða A hluta lækkar því úr 79,2 m.kr. afgang í 60 m.kr. afgang.

B hluti

Hafnarsjóður er með 6 lán frá Lánasjóði Sveitarfélaga og hækkar fjármagnskostnaður um 14,5 m.kr. Vegna mikilla umsvifa í ár við fleiri komur skemmtiferðaskipa en áætlað var hafa tekjur Hafnarsjóð orðið 134,9 m.kr. hærri en áætlað var. Aukinn kostnaður vegna lóðsunar nemur um 14,4 m.kr. Áhrif viðaukans á Hafnarsjóð er því bætt afkoma um 106 m.kr.

Eyri er með 7 lán við Lífeyrissjóði að fjárhæð 1.300 milljónir króna. Fjármagnskostnaður eykst um 28 m.kr. Einnig er langtímakrafa á Ríkissjóð upp á 990 mkr. og hækka fjármunatekjur um 20 m.kr. Örlítill breyting er á húsaleigu og því eru áhrif viðaukans á Eyri aukinn kostnaður upp á 8,1 m.kr.

Fasteignir Ísafjarðarbæjar er með í ársbyrjun um 119 lán við HMS upp á 1.038 milljónir króna. Fjármagnskostnaður eykst um 12,2 m.kr.

Heildar áhrif á B hluta er bætt afkoma upp á 85,7 m.kr.

Afkoma A- og B hluta hækkur því úr 233,5 milljónum króna í 300 milljónir króna.